

Hann kveikti eldinn

Það var hinn 18. ágúst 1945, sem Svavar Guðnason, sem í dag er til moldar borinn, opnaði almenningi dyrnar að hinni sögufrægu sýningu sinni í Listamannaskálanum gamla við Kirkjustræti. Það eru því rétt 43 ár síðan ný viðhorf ruddu sér til rúms á íslenskum myndlistarvettvangi, eins og þau voru þá í hvað mestri gerjun á meginlandinu.

Ósagt skal látið, hvort íslenskir málara hafi í þann tíma unnið nægilega úr því, sem þeir voru þá að gera í anda evrópskrar erfðavenju og þar með gætt íslenskra myndlist eigin og öflugu svipmóti, en eitt er víst, að íslensk myndlist var ekki söm eftir þessa sýningu.

Á þessum tímum fjórum áratugum hefur átt sér stað meiri uppstokkun nýrra viðhorfa en víðast hvar annars staðar á Norðurlöndum og landið skapað sér nokkra sérstöðu í þeim efnum.

Sýningin mun hafa verið gríðarleg uppörvun fyrir það unga fólk, sem þá var að hasla sér völl og hafði kynni af ýmsum nýviðhorfum vestan hafs. Á þeim árum sýsluðu menn án vafa við ýmislegt á vinnustofum sínum, sem þeim datt síður í hug að bera á torg, en sýning Svavars mun hafa aukið þeim þor og kjark í þeim efnum.

Mönnum leyfist ýmislegt, er þeir koma forframaðir frá útlandinu, og svo var einnig með sýningu Svavars, sem tekið var með merkilegu umburðarlyndi af dagblöðum og almenningi, gagnstætt því er sporgöngumenn hans hleyptu af stokkunum fyrstu Septembersýningunni á sama stað tveim árum seinna, sem olli slíkum úlfabýti, að hrikti í stoðum himinsins. Sýning sú var þó tilförléga meinlaus miðað við sýningu Svavars, því að flestir voru enn með annan fótinn í hlutveruleikanum, þótt ekki væri hann beinlínis fegraður. Svo sem ég sagði í grein hér í blaðinu í tilefni þess, að 25 ár voru liðin frá þessum atburði og birtist 18. ágúst 1970, „þá blés Svavar Guðnason, þá nýkominn heim með Esju, til rammasta myndlistarófriðar á landi voru, sem stýrt hafði hjá ógnum heimsófriðarins, einmitt er heimsfriður var loks endanlega í sjónmáli. En andstætt eyðileggingu og kröm styrjaldarinnar var lögeggjan Svavars á lista-sviðinu sá sviptibylur, sem lífsnauðsyn er fyrir viðgang gróandi og frjórrar listar. Sýning Svavars olli fyrir ýmsa hluti straumhvörfum í viðhorfum hérlendis til myndlistar og eðlis hennar, og gagnger hugarfarsbreyting fylgdi í kjölfarið. — Íslensk myndlist var ekki söm eftir það. Landið var um þær mundir að komast aftur í samband við gamla heiminn eftir einangrun stríðsáranna, og menn voru opnir og vakandi fyrir öllu nýju, er þaðan kom.“


En það er svo önnur saga, gömul sem ný, og menn reka sig á enn þann dag í dag, hverju sem því veldur, að hrifning og umburðarlyndi fólks er ólíkt meira gagnvart viðhorfum, er koma að utan en innan frá.

Svavar var líka í hæsta máta ánægður og undrandi yfir viðtökunum, því að fjórum dögum liðnum höfðu 500 gestir komið á sýninguna og 8 myndir selst og aðspurður sagði hann við fréttamann frá Morgunblaðinu: „Mjer finnst, að listsýningargestir hjer í Reykjavík sjeu sjerstaklega frjálslýndir og vel að sjer til að dæma um list, miðað við aðrar stórborgir, sem jeg hefi komið til.“

Listrýnir blaðsins í þá daga átti



Stuðlaberg (1949)



Íslandslag (1944)

og stutt spjall, en athyglisvert við Svavar daginn eftir að sýningin var opnuð. Þar svarar Svavar Orra (Jóni Þorleifssyni) spurningu um feril sinn á þessa leið; „— Jeg fór utan í byrjun ársins 1935. Byrjaði jeg þá nám í Akademíinu í Kaupmannahöfn, en var þar ekki nema í hálfan þriðja mánuð. Árið 1938 heimsótti jeg listaskóla Fernand Léger í París og fékk jeg að fylgjast með, þegar hann leiðbeindi nemendum sínum. Þetta var öll mín skólaganga. Skólar eru að mínum

dómi allt of vanabundnir og hneppa hina ungu listamenn í fjötra fyrirfram ákveðinna skoðana um list og listilega viðekna siðfræði. Siðfræði sem er afturhaldsöm, en ekki framsækin, og kemur í bága við persónulegt frjálrsræði og heftir framþróunina. Jeg lít svo á, að sjálfsnám sje hollast í fjelagskap útvalinna listamanna og annarra frjálslýndra og fordómalausra manna. Þar sé leiðin til að finna sjálfan sig í öllum breytileik, læra að treysta á eigin mátt.“ Orra spyr hvort Svavar líti svo á,

að samtök listamanna séu til bóta. „Það er hægt að stefna fram á við í hópi samhentra manna, þegar áhugamálin eru lík og alls frjálrsræðis er gætt.“ Er Orri svo spyr, hvort Svavari finnst hann hafa eitt-hvað frá íslenskri náttúru í sinni list svarar hann; „Já, í raun og veru stend jeg í nánu sambandi við íslenska náttúru, bæði í litum og formi. Jeg vil engan veginn ská-ganga náttúruna og það er af innri þörf.“

Ög spurningu um það, hvort telja

mætti hann til hinna svokölluðu abströktu málara svarar Svavar, „Já, er ekki rjett að kalla það svo, þó mjer sje illa við allar „etikettur“, sjerstaklega þegar um list er að ræða. Jeg lít svo á, að list, sem kemur fram í óhlutbundnari formi, hafi stærri möguleika til aukins þroska en sú, sem t.d. er bundin náttúruæftirlíking. Í þessu sambandi detta mjer í hug orð Heerup, myndhöggvara, að maður líkist ekki graníti, hví eigi þá granít að líkjast manni? Jeg vil þó, til að firra mis-skilningi, taka það fram, að það sje fjarri því, að góð list hafi ekki orðið til á öllum tímum og í hvers konar formi fremur á jeg við, að hver tími verði að finna sitt eigið form.“


Í þessu stutta viðtali er Svavar merkilega hispurslaus, og það voru líka meginneikenni hans alla tíð og reifar hann hér feril sinn og skoðanir í hnotskurn.

Þriðjudaginn 28. ágúst birtist svo furðulega vinsamleg umsögn frá hendi Orra um sýninguna, þegar tekið er mið af því, að list Svavars mun hafa verið honum mjög framandi, enda málari af allt öðru upp-lagi, sem sagði meira á þeim tímum en í dag.

Öll Reykjavíkurbliðin gerðu sýningunni skil í fréttum og Þjóðviljinn birti meira að segja tvær umsagnir hlið við hlið eftir þá Björn Th. Björnsson og Þorvald Skúlason. Auk þess birti blaðið lífmikið viðtal við Svavar undir fyrirsögninni „Listin sprettur af lífinu sjálfu“. En íslensk dagblöð eru söm við sig, og þannig vakti meistaramót Íslands í frjálsum íþróttum margfalt meiri athygli og innan um heimsfréttirnar birtist í einu blaðanna mynd af leikkonunni Ann Sheridan í síðbuxum. Það hafa þótt meiri tímamót í þá daga...

— ○ —

Ekki fer hjá því, að hugurinn leiti til baka við andlát Svavars Guðnasonar og festist þá einmitt



við þessi tímamarkandi kaflaskil í íslenskri listasögu. Kaflaskil, sem áttu eftir að hafa áhrif á líf og þroska hvers einasta framsækings ungs listamanns á næstu árum og valda deilum og umbrotum.

En það sem verður manni helst að ihugunarefni, er hve skjóttum þroska Svavar náði þrátt fyrir til-
tölulega lítið skólanám og að hann skyldi einmitt þroskast til óhlutlaugs myndmáls á tímum hernáms Þjóð-
verja í Danmörku, en þeir bann-
færðu hvarvetna allt í þá áttina.

Er hann hélt þessa eftirminnilegu sýningu í Listamannaskólanum, var ekki nema rúmur áratugur síðan hann hélt utan, en hann kemur þó heim sem fullþroskaður listamaður, er hafði málað nokkur lykilverk á ferli sínum. Þar á meðal hina rammgöldróttu mynd „Íslandslag“, er hann málaði árið 1944 og ávallt verður talin meðal sérstæðustu verka, er frá honum komu.

Ástæðulaust er að líta framhjá því, að Svavar kom til Danmerkur á tímum, er mikil gróska og stórhugur var yfir menningarframkvæmdum þar og listir og íþróttir blómstruðu. Það voru mikil grómögn í lofti þrátt fyrir kreppuna og íslenzkir listamenn létu hrífast með, enda tóku þeir út mikinn þroska og voru margir að hasla sér völl, er styrjöldin skall á og batt enda á framaferil, er vísaði þröðbeint upp á við.


En á þessum sömu árum var Svavar að þreifa fyrir sér, enda lagði hann óvenju seint út á lista-
brautina, var orðinn 25 ára, er hann hélt utan og hafði þá ekki í lista-
skóla komið áður né notið beinnar til-
sagnar. En hann kynntist fljót-
lega góðum félögum, sem héldu saman og skiptust á skoðunum og hér kom fram drjúgt sjálfsnám í „fjelagsskap útvalinna listamanna og annarra frjálslyndra og fordóma-
lausra manna“, eins og hann sagði sjálfur frá.

Og þessir útvöldu listamenn reyndust vera ýmsir þeir, er mynd-
uðu kjarnann í nafnkennndasta lista-
hópi er norrænir málara hafa tekið þátt í, „Cobra“, COpenhagen, BRUXelles, Amsterdam.

Ekki minnsti ég þess að hafa séð fyrstu sýningu Svavars, sem þó má vera, villtist þó inn á eina og eina sýningu fyrir forvitnið sakir á þeim árum frekar en beins áhuga, og eru þær mér lítið minnisstaðar utan sýningin í Garðyrkjuskólanum við Garðastræti árið 1942. Tengist sú sýning einnig sjálfskipuðum hús- og dyraveði, sem var Óli Magga-
don.

En mér er í ljósu minni sýning Svavars og danskra félaga hans í Listamannaskólanum árið 1948. En fyrsta einkasýning á list Svavars, sem greypst hefur í minni mitt, er sýning á vatnslitamyndum í sýningarsalnum Athenæum við Kna-
brostræði í miðri Kaupmannahöfn. Það var fyrsta vetur minn í borginni og ég man ennþá af hve mikilli ánægju ég skoðaði sýninguna í þeim virta sýningarsal og las hina lofsamlegu dóma um landa minn, sem fylltu mig gleði. Ein af myndunum á sýningunni rataði svo seinna upp á vegg hjá húsráðendum mínum á Nordre Frihavnsgræde á Austurbrú, þeim Steinunni Ólafsdóttur og Þórði Jónssyni, yfirtollverði, sem átti stórafmæli um verið og fékk þá myndina að gjöf. Hékk hún þar uppi á heiðursvegg alla tíð þótt þau mætu hjón næðu ekki fullu sambandi við hana þrátt fyrir góðan vilja og húsið fullt af eldri myndverkum íslenzkra myndlistarmanna, sem þau kunnu betur að meta.

Svavar bjó þá einnig á Austurbrú en í nágrenni Oslo-Plads, og kom ég einu sinni á vinnustofu hans, er ég var í heimsókn hjá Íslendingi, er leigði hjá þeim hjónum, en ég kynntist honum ekki í það sinnið eða seinna í Kaupmannahöfn. En við vissum vel hvor af öðrum og ég kynntist honum fljótlega lauslega, er ég kom alkominn heim. Náði kynntist ég honum þó ekki fyrr en ég var formaður sýningarnefndar FÍM í tvö ár og hann var kosinn í nefndina. Var ég aðvaraður á því hve erfiður og fylginn sér hann væri, enda sagður hafa



Ísabrot (1953)

sprengt fleiri listamannasamtök úti í Kaupmannahöfn. En raunin varð sú, að þótt hann reyndist í senn ákveðinn og fylginn sér, var mjög gott að vinna með honum og var hann m.a. einn þeirra er eyddi heilli dymbilviku og páskum í undirbúning að sýningu Norrænna listabandalagsins að Kjarvalsstöðum árið 1972. Var þó ekki skilding upp úr því að hafa.

Það sem laðaði trúlega fólk að þessum manni, sem var í senn einþykktur og fylginn sér auk þess að vilja í engu þræða trúðnar slóðir, var öðru fremur það hve samkvæmur sjálfum sér og sannur hann var, kjarnyrstur og skemmtilegur í hópi vana. Hann mun hafa kunnað ógrynnin öll af sögum frá heimaslóðum sínum í Hornafirði og sagði þær á svo rammri íslenzku, að jafn-

vel Nóbelskáldið okkar var stórhrið af, en þeir Svavar voru mæt-
ir vinir.

Svavar var þannig Íslendingur út og í gegn í lífsháttum, framkomu, viðræðum og list sinni. Málverk hans voru Ísland, eins og maður skynjar það og hlustar með augunum. Engir fegraðir uppdrættir, heldur safarík gróðurmoldin, fjöllin, jöklarnir, fuglar himinsins, veðráttan, skáldskapurinn og ljósvakans fjölbættu töfrar.

Þá gat hann samið magnþrunginn skáldskap er byggðist meira á hrynjandi tungunnar en skiljanlegum orðum, enda héldu útlandingar að hér væri komin forn-íslenzka og voru stórhreifir af. Í fjárhagslegri klípu úti í Belgíu á hann að hafa sett saman ljóðabálk og selt blaðamanni nokkrum fyrir góðan skilding

og á ég hann undir höndum einhvers staðar. Minnir mig, að hann byrji sem svo: „Dreirr aura ára anglá sen/ feirr forar fára foldar men/ grabunda bríta, bassnulla biss/ sasunda sisa sammoníss“. Það fylgdi sögunni að blaðamaðurinn hafi látið heillast af þessi mögnuðu þjóðtöngu og viljað fleiri sýnishorn handa lesendum sínum!

En aldrei vildi hann að slíkur kveðskapur birtist á Íslandi, þótt eftir væri gengið og er hann þó óborganlega magnaður í sínum launkímna undirtóni.

Svavar var ávallt hreinn og sannur, hataði þýlyndi og tröllsotta svo sem sannur Íslendingur, fylgdi því óhikað eigin sannfæringu, þótt hún mætti andröðri og þætti bera vott um sérvisku og skort á samstöðu — en hann hafði einfaldlega ósjaldan

rétt fyrir sér, eins og þegar hann ásamt þeim, er hér ritar, stóð á þeirri sannfæringu sinni, að FÍM ætti að hagnýta sér lóðina á Mikla-
túni án annars en óbeinnar sam-
vinnu við borgaryfirvöld — ella myndi félagið fyrr eða síðar missa húsnæðið úr höndum sér en það gekk eftir.

Áður í afmælisgrein hef ég vikið að því, að Svavar fórnaði frægð og frama með því að flytjast til Íslands og endurtek ég það ekki hér. Danir gleymdu honum aldrei og sýndu honum mikinn sóma og heiðruðu á ýmsan hátt m.a. með sýningu í Kunstnerforbundet í Kaupmannahöfn auk þess að bjóða honum að útfæra stór verkefni í Danmörku. Einnig buðu þeir honum í virtustu listamannasamtök landsins „Grönn-
ingen“, sem aðeins einn Íslendingur hefur verið í áður, Jón Stefánsson. Þótti það jafnan mikill listviðburður í Kaupmannahöfn, er Svavar tók þátt í árlegum sýningum samtakanna á Charlottenborg, enda seldi hann íðulega allt sem falt var.

Ógleymanleg verður mér sýning Svavars og Ásgerðar Búadóttur í Nicolai-kirkju í Kaupmannahöfn sumarið 1984, en það er magnaðasta sýning á vatnslita- og krítar-
myndum Svavars sem ég hef séð, enda var hlaðið á hana lofi og salan var eftir því.

Íslendingar sýndu honum einnig ýmsan sóma m.a. með því að halda þrjár sýningar í söllum listasafnsins og var hann heiðurslistamaður ríkisins hin síðari ár. En það má vera skiljanlegt að hann hafnaði eindregið að gerast heiðursmeðlimur FÍM, er honum var boðið það. Það sem Svavar vissi alltaf og allir sannir listamenn vita er, „að málverk getur orðið fارانlegt sé það meðtekið með nákvæmum, vísindalegum rökum — slíkt skyggir á óræði yndislegar mannlegrar tjáningar, upphafna náttúrulega kennd. Innri vitund og skynjanir geta verið í fullkominni mótsögn við raunhæfar staðreyndir“.

Með Svavari Guðnasyni er horfinn af sjónarsviðinu sá, er einna fyrstur gerði sér grein fyrir því hérlandis, að fullkomlega óhlutlaegt málverk gæti einnig tjáð djúpa mannlega lifun, gleði, sársauka og samkennd með náttúrunni og síkvikum grómögnum hennar.

Bragi Ásgeirsson.

SVAVAR GUÐNASON

Morgunblaðið hefur fengið leyfi Halldórs Laxness til að birta grein hans um Svavar Guðnason sjötugan 1979, og fer hún hér á eftir. Útför Svavars er gerð í dag.

Við skulum þykjast vera stödd á Höfn í Hornafirði. Almanna-
skarð og Lónsfjöllin úr blágrýti og gabbró loka byggðinni austan-
megin, en í norður gnæfir Vatna-
jökull með undirfellum sínum við himin. Nesin og Nesjasveitin eru dregin í boga sólmegin við jökulinn; en dagleið í vestur hverfur jökullinn úti bláinn, þar sem falla um svarta sanda, í sjó fram, nokkur illfærustu vatnsföll sem um getur.

Nesin, þessi kyrláta græna sveit við Hornafjarðarós virðist á björtum degi hvíla í sjálfgleymi undir himni sem ræður yfir blæbrigðum þjarttra lita meiren annarstaðar — ef ekki er þoka. Vatna-
jökull er hávelið þess skæra ljóss sem auðkennir austanvert Suðurlandsundirlendi, og sú birta ræður yfir þeim sem þar búa — aftur, ef ekki er þoka.

Í þessari sveit, Nesjum, er grænkan á grasinu geingin í einhverskonar samband við skærgulan lit sólar, ásamt bláma Össins og Þveitarinnar, sem mig minnir þetta vatn heiti þarna í miðri sveitinni. En virði maður fyrir sér litróf Svavars Guðnasonar verður ekki betur séð en þar ráði samt sem áður fúðuleg blæbrigði af

rauðu, sem þó er ekki sérstakur litur Hornafjarðar. Þegar Svavar Guðnason var spurður hvaðan alt það rauða kæmi í myndum hans, svaraði hann á dönsku, með raddblæ einsog undir dymbli, og einnig er sérstakur fyrir Vatnajökul: Mon ikke det er kærligheden.

Það er vissulega ekki einlægt sólskin í málverki Svavars Guðnasonar, en allir sem sjá vilja, undrast hvíslk birta býr í litrófi hans, kanski hinn hreini sannleiki litanna, og sker sig oft úr sem nokkurskonar andstæða, næstum mótvægi, við list sýningarfélaga hans, vanalega útlandinga. Og útlandingar segja stundum þegar þeir sjá þennan litblæ Svavars sem greinir sig frá öðrum myndum: þetta er birta Íslands.

Ásgrímur Jónsson landslagsmeistari okkar rammaði góðu heilli á leiðina til Hornafjarðar snemma á ævi, meðan hann enn festi á léreft sín, af rökvisi svefngeingils, bláma þess Íslands sem á heima í draumi sögunnar — þeirri döggvarnótt sem Jónas Hallgrímsson yrkir um: Hægur er dúr á daggarnótt; og Hannes Hafstein þegar hann kvað: Land mitt, þú ert sem órættur draumur.

Andi listarinnar í persónu Ásgríms Jónssonar sveif ekki hjá án vitnisburðar um sig í konungsríki Vatnajökuls. Úngir sveinar úr sveit og kaupstað vissu ekki fyren þá fór að lánga til að lifa sveitina sína í þeirri birtu sem lýsti heim

Ásgríms. Sá sem hér les fyrir kyntist fjórum mönnum úr héraðinu sem lifðu undir töfrum gestsins. Þrír þeirra fóru úti heim og breyttu lífi sínu í málverk. Sá fjórði varð að visu kyr heima af skyldurækni, en fór að mála sér til hugarhægðar; og litróf Ásgríms gests lýsti einnig honum alla ævi síðan.

Það eru ónýtar postulatölur að hófa listamenn niður eftir „stefnum“, einum á kostnað annars, einsog títt er í krítikinni. Sumir boðberar hafa ekki vílað fyrir sér að skera við trog alla list, og kalla hana klessuverk, ef hún haslar sér völl utan útsirklaðrar spegilmyndar af náttúru. Ófáir áhorfendur gripu til sleggjúdóma haustið 1945 þegar Svavar Guðnason kom að utan í stríðslok og festi upp myndir sínar á þiljum gamla listamannaskálans við Kirkjustræti. Þar kom fram stefna í málverki risin á endurnýun grundvallaratriða í skynjun hlutarins. Þessir nýu landvinnningar báru oft í sér teingsl við tilraunir listrænna sértrúarhópa sem fram höfðu komið í Suðurevrópu, undir ýmsum signatúrum alt frá morni aldarinnar, og vakið hroll og viðbjóð hjá lærdóminum augusíður en almenníngi á þeim tíma. List af þessu tæi mátti heita seinsprotinn gróður, og tók ekki við sér að marki fyren nasistar voru búnir að vera, og fór nú einsog oftast þegar framvinda tekur kipp

í einhverri grein, þá beygir almenningur sig fyrir henni og tekur upp merki hennar orðalaust. Í Danmörku náðu tilraunir þessara listamanna sér á strík í einángerun stríðsins. Hreyfinguna nefndu danirnir Cobra, og átti hún eftir að verða sigursæl, og teingjast öðrum nýngum Evrópu, óðar en álfan laukst upp á nýaleik. Þá var farið að gaumgæfa norræna landvinnina í myndlist, og brautin fyrir skandinávíska listamenn var rudd suðri Evrópu. Cobra var fyr-
en varði orðið heimsnafn í list og jafnvel síðkomnir hópar sem ekki höfðu verið til meðan Cobra var í blóma sínum í Kaupmannahöfn á stríðsárunum, þeir komu nú til skjalanna og báðust inngaugu í þennan danska hóp eftir fordæminu: allir vildu Lilju kveðið hafa. Svavar Guðnason hafði verið einn frumherja í Cobra, og var nú kominn í hóp sem talinn var í fararbroddi meðal listamanna álfunnar. Í þessum upprunalega hóp, eða réttara sagt grúppu, var einn maður kominn úr hinu torsóttaríki Vatnajökuls, einum ótilkvæmasta enda veraldar, og flutti með sér furður af ókunni birtu um leið og sérkennilegt átak í sjálfum uppdrættinum. Myndir hans stúngu í stúf. Bæði lagði hann til sérstakt litróf og myndsköpun sem ekki var auðfundin annarstaðar.

1979

Halldór Laxness